

Fundargerð háskólaráðs
376. fundur fimmtudaginn 27. október 2016
Fundarherbergi 262, Borgum

Sigrún Stefánsdóttir, staðgengill rektors setti fund kl. 13:30.

Mættir voru auk hennar:

Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs
Berglind Ósk Guðmundsdóttir fulltrúi nemenda
Guðmundur K. Óskarsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Óskar Þór Vilhjálmsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Forföll boðuðu:

Jens Garðar Helgarson fulltrúi menntamálaráðuneytis

Elvar Jónsson varafulltrúi menntamálaráðuneytis

Aðrir mættir:

Martha Lilja Olsen ritari háskólaráðs
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Ásta Margrét Ásmundsdóttir, starfandi formaður Siðanefndar

Staðgengill rektors kynnti dagskrá.

1. Samþykkt fundargerðar 374. og 375. fundar

1610001 og 1609023

Fundargerðir samþykktar.

2. Rekstur

1611034

Rekstraryfirlit janúar til september lagt fram. Úlfar skýrði yfirlitið. Reksturinn í heild sinni nokkurn veginn á áætlun. Gert er ráð fyrir að reksturinn verði yfir áætlun í árslok eins og áður hefur komið fram á fundum ársins, nema komi aukið framlag frá stjórnvöldum.

3. Fréttir frá afmælisnefnd

Sigrún fór yfir starf afmælisnefndar og þá dagskrá sem er að fæðast í tengslum við 30 ára afmæli skólans. Dagskráin sem verið er að vinna í verður mjög fjölbreytt, spennandi og áhugaverð og um er ræða ótal minni og stærri viðburðir yfir allt árið.

4. Skipun stjórnar rannsóknasjóðs 2016-2019

1609021

Lagðar fram tilnefningar í stjórn rannsóknasjóðs fyrir næstu þrjú ár.

Tilnefningar í stjórn rannsóknasjóðs 2016-2019:

- Margrét Hrönn Svavarsdóttir, heilbrigðisvísindasvið
- Kristín Dýrfjörð, hug- og félagsvísindasvið
- Oddur Már Vilhelmsson, viðskipta- og raunvísindasvið
- Elísabet Hjörleifsdóttir, varaformaður, tilnefnd af rektor
- Ragnar Stefánsson, formaður, tilnefndur af rektor

Varafulltrúar:

- Gísli Kort, heilbrigðisvísindasvið
- Guðmundur Torfi Heimisson, hug- og félagsvísindasvið
- Hjördís Sigursteinsdóttir, viðskipta- og raunvísindasvið
- Anna Ólafsdóttir, tilnefnd af rektor
- Kristján Þór Magnússon, tilnefndur af rektor

Tilnefningar samþykktar.

5. Ársskýrsla siðanefndar

1611039

Ásta Margrét Ásmundsdóttir starfandi formaður siðanefndar kom inn á fundinn og kynnti ársskýrslu siðanefndar 2015-2016 og fór yfir þau mál sem nefndin kom að á tímabilinu. Verið er að vinna að því hvort eigi að stofna vísindasiðanefnd HA eða gerast aðili að vísindasiðanefnd HÍ, einnig er verið að vinna að

Háskólaráð leggur áherslu á að unnar verði starfsreglur fyrir siðanefnd en skristofa rektors vinnur að málinu.

6. Samþykkt breytinga á reglum um framgang

1610049

Lagðar fram breytingar á reglum um framgang og ótímabundna ráðningu akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri. Breytingarnar eru til samræmis við nýjar reglur um störf dómnefndar og nýráðningar

akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri, sem tóku gildi fyrr á árinu. Einnig eru breytingar á reglunum sem fela í sér samræmingu við sambærilegar reglur Háskóla Íslands þar sem reglur beggja skólanna byggja á Matskerfi opinberra háskóla.

Breytingar samþykktar.

7. Starfsmannamál

Sigrún fór yfir ráðningar undanfarinna vikna:

- Verkefnastjóri fasteigna; Gunnar Gunnarsson ráðinn - 20 umsóknir bárust – Gunnar hefur störf á næstu vikum.
- Verkefnastjóri í lögreglufræði; Rósamunda Baldursdóttir ráðin – 16 umsóknir bárust – hefur störf 1. janúar n.k.
- Ásgeir Gunnar Ásgeirsson, hefur verið ráðinn lektor í sálfræði í stað Sigrúnar Sveinbjörnsdóttur sem lét af störfum vegna aldurs s.l. sumar. Ásgeir hefur störf um áramót
- Stefnt að því að auglýsa eftir lektor í íþróttufræði á næstunni, sem myndi hefja störf næsta haust.
- Verið að vinna að ráðningu lektors í lögreglufræði og forseta viðskipta- og raunvísindasviðs.

8. Samningur við menntamálaráðuneyti vegna lögreglunáms

Samningur var undirritaður miðvikudaginn 26. október s.l. Sigrún fór yfir málið, en hún undirritaði samninginn f.h. rektors.

9. Skýrsla nefndar um fagháskólanám.

1611038

Frestað til næsta fundar.

10. Sumarháskólar við Háskólann á Akureyri.

Markmið að efla starfsemi við skólann yfir sumartímann. Hugmyndin að mynda starfshóp sem myndi vinna hugmyndir um framkvæmd, bæði sem tekur utan um það sem þegar er gert og hvernig er hægt að efla starfsemina yfir sumartímann.

11. Ritver við HA

Sigrún kynnti málið. Kristín Margrét Jóhannsdóttir, kennari við kennaradeild kom með hugmynd að ritveri sem hefði þann tilgang að efla fræðileg skrif við skólann og styðja við nemendur og kennara. Hug- og félagsvísindasvið ríður á vaðið og tók að sér að gera tilraun, í samstarfi við starfsfólk á bókasafni HA, áður en farið yrði af stað fyrir allan skólann. Stefnt að því að ritverið, sem staðsett verður á bókasafni, verði opnað í upphafi næsta árs, afmælisársins. Kristín mun leiða þetta tilraunaverkefni. Kostnaði verður haldið í lágmarki.

12. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:30.